

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Ás 1, spilda 2, stofnun nýrrar lóðar.*

Breytingin felur í sér að heimilað er að stofna rúmlega 2 ha lóð út úr landinu Ás 1 spildu 2, lnr. 220760, sem fær heitið Laufásvegur 4. Á nýju lóðinni er heimilt að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu/útihús. Mesta hæð mænis getur verið allt að 7 m miðað við yfirborð jarðvegs umhverfis húsið. Íbúðarhús getur verið á 1-2 hæðum. Samþykkt af hreppsnefnd þann 29. nóvember 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 11. maí 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Berglind Sigurðardóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2018